



Reykjavík, 21. mars 2025
2025 FAS25010016

Mannréttindaráð

Greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar 2024

Óskað er eftir að meðfylgjandi greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar árið 2024 sé lögð fram á fundi mannréttindaráðs.

Greinargerðin mun í framhaldinu fylgja með ársuppgjöri Reykjavíkurborgar 2024 sem verður lagt fram í Borgarráði.

Virðingarfyllst,
Sigríður Finnbogadóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Greinargerð um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun 2024



Reykjavík



Greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Við framlagningu
ársuppgjörs
Reykjavíkurborgar 2024



Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Framkvæmd og skipulag KFS.....	1
Greining þjónustubátta.....	3
Aðsókn grunnskólabarna á viðburði í haustfrí – helstu niðurstöður.....	6
Skólahljómsveitir – helstu niðurstöður.....	7
Upplýsingatækniþjónusta – helstu niðurstöður.....	8
Aðgerðir í kjölfar KFS greininga 2021-2024.....	9
Jafnréttisskimun og jafnréttismat.....	10
Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024-2028.....	10
Fjárfestingaráætlun 2024.....	10
Viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun 2024.....	11
Önnur verkefni.....	13
Fræðsla.....	13
Rafrænar jafnréttisskimanir.....	13
Kynin í borginni.....	14
Samstarfssamningur við Háskóla Íslands.....	14
Samstarfsverkefni með Nicosia.....	15
Handbók kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.....	15
Aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum.....	16
Tillögur starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats – Staða aðgerða.....	17
Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.....	18
Viðauki I. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024.....	20
Viðauki II. Áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS 2024.....	23

Myndaskrá

Mynd 1. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.....	2
Mynd 2. Greindir þjónustubættir sem hlutfall af heildar ramma sviða skv. fjárhagsáætlun 2024.....	6
Mynd 3. Aðsóknartölur á viðburði eftir menningarstofnun og kyni þátttakenda á grunnskólaaldri.....	7
Mynd 4. Nemendur, kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum borgarinnar eftir kyni.....	8
Mynd 5. Staða aðgerða í kjölfar KFS greininga á þjónustubáttum tímabilið 2021-2024, eftir sviðum.....	9
Mynd 6. Ferli rafrænna jafnréttisskimana.....	14

Töfluskrá

Tafla 1. Áætlaðar greiningar þjónustubátta árið 2024 og staða þeirra við árslok.....	3
Tafla 2. Samantekt á greiningum þjónustubátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.....	4
Tafla 3. Breytingar á samþykktri áætlun 2024 eftir fag- og kjarnasviðum.....	12
Tafla 4. Aðgerðir úr aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026.....	16
Tafla 5. Yfirlit yfir tillögur starfshóps og stöðu á innleiðingu þeirra.....	17

Inngangur

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Margt hefur áunnist á þeim árum sem innleiðingin hefur staðið, m.a. hafa verið unnar greiningar á þjónustu allra fagsviða borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar, breytingar hafa verið gerðar á reglum um gerð fjárhagsáætlunar og reglum um styrkjaúthlutun Reykjavíkurborgar til þess að stuðla enn betur að jafnrétti við úthlutun fjármagns.

Tvö megin verkefni innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru greining þjónustubátta annars vegar (FMS-VLR-087) og jafnréttisskimun og -mat á öllum nýjum verkefnum og breytingartillögum sem varða fjárhags- og fjárfestingaáætlun hins vegar (FMS-VLR-086 og FMS-VLR-048). Þá ber einnig að beita jafnréttisskimun og -mati vegna nýrra verkefna eða breytingum á fjárfestingaráætlun (FMS-STE-001).


Í þessari greinargerð er að finna stöðumat á innleiðingu KFS árið 2024.

Framkvæmd og skipulag KFS

Framkvæmd og skipulag KFS hefur verið í nokkuð stöðugu endurmati frá því að innleiðing á KFS hófst árið 2011. Unnið er að því að finna hvernig best hentar að vinna verkefnið á hverjum tíma. Mörg skref hafa verið stigin í innleiðingarferlinu, frá upphafi verkefnisins til dagsins í dag. Unnið hefur verið að því að byggja upp ákveðna þekkingu og menningu sem styður við markmið um jafnrétti og mannréttindi innan borgarinnar. Unnið hefur verið að því að samþætta ferli KFS við annað starf borgarinnar og endurskipuleggja fjárhagsáætlunarferlið og aðra verkferla með hliðsjón af KFS.

Á tímabilinu 2018-2022 var starfræktur [pólítískur stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun](#), en eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2022 voru verkefni stýrihópsins færð yfir til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs, sem ber þá nú ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg. Ábyrgð á framkvæmd KFS inna sviða borgarinnar er hjá [sviðsstjórum fag- og kjarnasviða](#) og á hverju sviði, ásamt miðlægrri stjórnslu í ráðhúsi, eru starfræktir KFS starfshópar sem hafa það hlutverk að leiða og styðja við vinnu KFS á sínu sviði. Það felur m.a. í sér að leiða greiningarstarf sviðanna og gæta þess að brugðist sé við niðurstöðum greininga ásamt því að sjá til þess að jafnréttisskimanir og jafnréttismöt séu gerð.

Unnið er að KFS reglulega yfir árið og á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðarinnar eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Greining þjónustupáttá

Unnið hefur verið að greiningu þjónustupáttá síðan 2012. Markmiðið með greiningu þjónustupáttá er að kortleggja hvort halli á eitt kyn eða þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur til þegar kemur að þjónustu borgarinnar við íbúa og ráðstöfun fjármagns. Með markvissum greiningum þjónustupáttá er unnt að meta hvort aðgerða sé þörf og þá hvaða aðgerða. Samkvæmt verklagsreglu um KFS hjá Reykjavíkurborg þá ber fagsviðum að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS. Í viðauka I má finna greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2024 og í viðauka II má finna áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit.

Á árinu 2024 stóð til að greina tíu þjónustupætti, en í lok árs var þremur greiningum lokið og sjö hafði verið frestað eða hætt við.

Tafla 1. Áætlaðar greiningar þjónustupáttá árið 2024 og staða þeirra við árslok.

Svið	Áætlun 2024	Staða 31.12.2024
MÍR	Viðburðir fyrir grunnskólabörn í haustfríi	Lokið
	Aðsókn og þjónusta á skíðasvæðunum	Frestað til 2025
SFS	Skólahljómsveitir	Lokið
USK	Rekstur hverfahluta austur og vestur	Frestað
	Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Frestað til 2025
	Skipulagsfulltrúi	Hætt við
VEL	Þjónusta fyrir flóttafólk	Frestað til 2025
	Biðlistar eftir félagslegu húsnæði	Frestað til 2025
	Úthlutanir í félagslegt húsnæði	Frestað til 2025
PON	Upplýsingatækniþjónusta	Lokið

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þá þjónustupætti sem hafa farið gegnum KFS greiningu frá árinu 2011, en alls hafa nú verið framkvæmdar 68 greiningar á þjónustupáttum borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.


Tafla 2. Samantekt á greiningum þjónustubátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.¹

Menningar- og íþróttasvið	Ár	Kostnaður þjónustub. (þús.kr)*
Innkaup safnefnis á Borgarbókasafni Reykjavíkur	2012	n/a
Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs 2007-2011	2012	n/a
Aðsókn í sundlaugar	2012	n/a
Frístundakortið	2012	n/a
Fjárfesting íþróttafélaga	2013	n/a
Börn og menningaruppeldi: Könnun á þátttöku barna og unglinga í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar	2014	n/a
Skráning og könnun kyngreindra gagna varðandi þjónustu við gesti í stofnunum Menningar- og ferðamálasviðs	2015	n/a
Ráðningar í sumarstörf	2015	n/a
Styrkir til íþróttafélaga	2016	n/a
Viðhorfskönnun meðal barna í fjórðu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur um opunarviðburð Barnamenningarhátíðar	2016	n/a
Kynjamunur erlendra ferðamanna í Reykjavík 2010-2015	2016	n/a
Aðsókn í fjölskyldu og húsdýragarðinn	2018	301.000
Hitt húsið - Þátttaka í Músíktíraunum	2018	n/a
Börn og menningaruppeldi - Framhaldsgreining og samanburður	2020	n/a
Frístundakortið: Þróun á þátttöku barna 2012-2020	2021	n/a
Styrkir og samstarfssamningar	2022	42.600
Aðsókn barna í haustfrí á viðburði menningarstofnana	2024	n/a
Skóla- og frístundasvið	Ár	Kostnaður þjónustub. (þús.kr)*
Börn ári fyrr á leikskóla – áhrif á dagforeldra, starfsfólk leikskóla og foreldra	2012	n/a
Þátttaka foreldra í foreldrafélögum og ráðum í leik- og grunnskóla	2012	n/a
Þátttaka 13-16 ára unglinga í félagsmiðstöðvastarfi	2012	n/a
Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS	2014	n/a
Sérkennsluúthlutun í grunnskólum	2015	n/a
Þátttaka 10 - 12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi	2015	n/a
Greining á styrkjum skóla- og frístundaráðs á árunum 2013-2015	2016	75.844
Innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum	2018	3.175
Tilraunaverkefni um þróun aðferðafræði KFS í grunnskólum	2020	2.973.385
Miðstöðvar útivistar og útináms	2021	n/a
B-hluti þróunarstyrkja menntastefnu	2021	50.000
Mixtúra	2022	58.129
Þjónusta þriggja skólabókasafna	2022	n/a
Skólahljómsveitir	2024	371.382

¹ Skýring með töflu: n/a= kostnaður liggur ekki fyrir. Í þeim tilvikum þar sem kostnaður er ekki tiltekinn í greiningunni er notast við merkinguna n/a. Ýmsar ástæður geta legið að baki, stundum er t.d. verið að greina afmarkað verkefni sem er ekki tilgreint sérstaklega í fjárhagsáætlun, en er hluti af almennri starfsemi sviðsins. *kostnaður greindrar þjónustu miðast við árið sem greiningin var framkvæmd og hefur ekki verið umreiknað yfir á núvirði.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Ár	Kostnaður þjónustup. (þús.kr)*
Borgarskjalasafn	2022	600
Þjónustuver	2022	100.000
Upplýsingatækni þjónusta	2024	419.424
Umhverfis- og skipulagssvið	Ár	Kostnaður þjónustup. (þús.kr)*
Skipulagsmál	2013	n/a
Hjólreiðaáætlun	2016	350.000
Byggingafulltrúi	2016	220.000
LUKR og landupplýsingar	2016	145.000
Grasagarður	2016	86.000
Vinnuskólinn	2017	241.000
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	2017	1.644.000
Samgöngumál	2018	141.000
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	2019	1.275.000
Deild náttúru og garða og umhverfi og útivist	2021	179.000
Stefnumótun og greining (aðalskipulag, svæðaskipulag, umhverfis og gæðamál)	2021	135.000
Bílastæðasjóður	2022	-307.000
Velferðarsvið	Ár	Kostnaður þjónustup. (þús.kr)*
Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk	2012	203.000
Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra	2012	176.000
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	2014	2.105.000
Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur	2015	527.000
Stuðningsþjónusta	2016	700.000
Búsetuúrræði	2017	4.604.000
Dagþjónusta	2017	983.000
Heimaþjónusta	2019	1.850.000
Heimahjúkrun	2019	1.106.000
Hjúkrunarheimili	2019	270.000
Þjónustuíbúðir	2019	324.000
Aksturþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	2021	1.059.000
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	2021	3.952.000
Framleiðslueldhús	2021	242.100
Húsnæði fyrir fatlað fólk	2023	7.837.542
Miðlæg stjórnsýsla	Ár	Kostnaður þjónustup. (þús.kr)*
Þjónusta við fasteignir - framkvæmda- og eignasvið	2012	900.000
Greining skipulags- og byggingarsviðs á Borgarsamfélagið	2012	n/a
Betri Reykjavík fyrir konur og karla	2012	n/a
Greining á atvinnuátaki	2013	n/a
Þjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur og styrkir	2013	n/a
Áhrif leikskólalokunar á atvinnuþátttöku	2014	n/a
Borgin okkar – íbúaráðsstyrkir 2020-2022	2022	71.292

Á mynd 2 má sjá fjölda greininga eftir sviðum og gróflega áætlaða stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til fjárhagsramma sviða samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Fjárhæðir bakvið greiningarnar taka mið af kostnaði þjónustupátta á þeim tíma sem greiningarnar voru gerðar (sbr. töflu 2) og hafa ekki verið umreiknaðar yfir á núvirði. Einnig er ekki tekið tillit til þess að ákveðinn kostnaður innan hvers sviðs kann að vera frásakilinn greiningum t.d. kostnaður vegna yfirstjórnar eða þjónustupættir þar sem hægt er að færa rök fyrir að engin kynjasjónarmið séu undir sem vert sé að greina. Því er líklega um vanáætlun að ræða.



Mynd 2. Greindir þjónustupættir sem hlutfall af heildar ramma sviða skv. fjárhagsáætlun 2024.

*Ákveðnir þættir innan þjónustupátta hafa verið skoðaðir (sbr. yfirlit í töflu 2) en ekki þjónustupættir í heild sinni.

Aðsókn grunnskólabarna á viðburði í haustfrí – helstu niðurstöður

Framkvæmd var [greining á aðsókn grunnskólabarna í haustfrí 2023](#) á viðburði hjá Borgarbókasafni, Borgarsögusafni og Listasafni Reykjavíkur og horft sérstaklega til kyns og aldurs þátttakenda. Mestur fjöldi svara var hjá Borgarbókasafni, eða 252 svör. Því var Borgarbókasafn greint ítarlega í þessari greiningu þó styttri greining væri einnig á hinum söfnunum. Eins var tölfræðin skoðuð heildstætt yfir söfnin öll, fjöldi svara alls var 326.

Jafnframt var kannað hlutfall kynja sem heimsóttu sundlaugar Reykjavíkur og Fjölskyldu- og húsdýragarð í haustfrí 2023 meðal barna sem gengu í grunnskóla. Þau tölfræðigögn eru einnig birt sem viðbót við greininguna. Starfsemi sundlauganna og Fjölskyldu- og húsdýragarðs er þess eðlis að ekki var hægt að skoða viðburði sérstaklega samanborið við söfnin. Engir sérstakir viðburðir voru auglýstir í sundlaugunum né Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Spjaldtölvur lágu við afgreiðsluborð og var gestum frjálst að taka þátt í


könnun. Ljóst er að aðeins hluti gesta tók þátt í könnuninni og eru niðurstöður hennar því ómarktækar en engu að síður hafðar með í þessari samantekt.

Á **Listasafni Reykjavíkur** var kynjahalli sem ástæða er til að skoða nánar. Til þess að leiðrétta kynjahallann á viðburðum er lagt til að endurskoða kynningartexta í auglýsingum og á vefsíðu. Einnig fara yfir myndefni kynninga. Ekki er talin þörf á að fara í aðgerðir tengdar kynjahlutföllum starfsfólks.

Á **Borgarbókasafni** er kynjahlutfall orðið svo til jafnt í yngri aldurshópum. Hins vegar breikkar bilið á milli drengja og stúlkna á milli kannana í aldurshópnum 10–12 ára. Þá má draga þá ályktun að það sem bókasafnið hefur upp á að bjóða höfði frekar til stúlkna en drengja. Kynjahlutfall milli umsjónarfólks viðburðanna var jafnara en árið 2017 og breikkar því bilið milli ára þegar litið er til kvenna og karla.

Á **Borgarsögusafni** bárust aðeins 24 svör 54% voru drengir og 46% voru stúlkur.

Þegar **heildarniðurstöður allra safna** eru skoðaðar er hægt að sjá að meirihluti þeirra barna sem sækja viðburði í haustfrí á söfnunum árið 2023 eru stúlkur eða 57% samanborið drengi 41%. Stálp/annað/vil ekki svara mælist innan við 2%.




Mynd 3. Aðsóknartölur á viðburði eftir menningarstofnun og kyni þátttakenda á grunnskólaaldri.

Skólahljómsveitir – helstu niðurstöður

Við vinnslu [greiningarinnar](#) kom í ljós að tilhöggun og framkvæmd skólahljómsveitanna er að mörgu leiti mjög góð og er starf þeirra einstakt jöfnunartæki til að veita börnum óháð fjárhagsstöðu foreldra / forsjáraðila færi á að stunda tónlistarnám. Þó eru annmarkar hér á þar sem nám í skólahljómsveit er mjög eftirsóknarvert og biðlistar langir, en 379 nemendur eru á biðlista eftir plássi.

Aðgengi skólahljómsveitanna innan grunnskólanna er ábótavant sem snýr um leið að aðgengi og aðstöðu barna sem stunda nám í skólahljómsveit. Aðstaðan til tónlistarkennslu innan grunnskólanna er æði misjöfn og fallvölt þar sem skólahljómsveitunum er gert að víkja úr rýmum ef grunnskólinn hyggst nýta þau til annars án þess að þeim sé boðin viðunandi aðstaða í staðin. Eins er víða óviðunandi hljóðvist fyrir nemendur og kennara.



Mynd 4. Nemendur, kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum borgarinnar eftir kyni.

Niðurstaða greiningarinnar leiddi í ljós að huga þarf að eftirfarandi atriðum:

- Kanna möguleika á að taka inn fleiri nemendur miðað við núverandi fjárhagsramma.
- Ná til fleiri barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.
- Bæta og festa kennslurými fyrir skólahljómsveitirnar í grunnskólum.
- Fjölga um eitt stöðugildi í hverri hljómsveit.
- Fjölga hljómsveitum í fimm.

Upplýsingatækniþjónusta – helstu niðurstöður

Greiningin leiddi í ljós að af því starfsfólki sem er með úthlutaðan tölvubúnað eru konur 77,1% og karlar 22,9%, en heildarkynjaskipting starfsfólks hjá borginni er með þeim hætti að konur eru kringum 72,8% starfsmanna Reykjavíkurborgar, karlar 27,1% og kynsegin 0,1%. Meirihluti þessara kvenna starfa á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði en þetta eru störf sem oft eru talin hefðbundin kvennastörf þá sérstaklega kennarastörf og umönnunarstörf. Ójöfn kynjaskipting er mest innan SFSL en þar eru 95,5% þeirra sem eru með skráðan tölvubúnað konur og 4,5% karlar. Konur eru í meirihluta þeirra sem eru með skráðan tölvubúnað á sig, sem ekki er að undrast þar sem konur eru meirihluti starfsfólks á sviðum Reykjavíkurborgar fyrir utan eitt svið, umhverfis- og skipulagssvið.

Til að meta áhrif kyns á úthlutun tölvubúnaðar var framkvæmd tölfræðigreining. Notast var við Bayesískt stigskipt líkan, þar sem kynjabreytan $Kyn = Kvenkyn$ var notuð sem skýribreyta. Framkvæmdar voru greiningar annars vegar án þess að aðgreina eftir sviði og hins vegar þar sem líkanið var stigskipt eftir sviði. Trúverðugleikabil var sett við 95%. Án aðgreiningar eftir sviði var munur á meðalárgjaldi á bilinu -3.286 kr. til -1.275 (meðalárgjald kvenna örlítið lægra en karla) en útskýringarmáttur líkansins var mjög lítill ($R^2 = 0.02$). Með stigskiptu líkani eftir sviði var munur á meðalárgjaldi á bilinu -1.688 kr. til + 355 kr. en útskýringarmáttur var mjög lítill ($R^2 = 0.06$). Munurinn á meðalárgjaldi eftir kyni er því mjög lítill.


Byggt á greiningunni voru lagðar til eftirfarandi aðgerðir:

- Fræða stjórnendur um hvernig er hægt að nýta mælaborð Jira Assets sem best.
- Framkvæma samskonar greiningu á fimm ára fresti til að fylgjast með þróun úthlutunar á tölvubúnaði.

Aðgerðir í kjölfar KFS greininga 2021-2024

Á tímabilinu 2021-2024 voru framkvæmdar 17 greiningar á þjónustu borgarinnar og leiddu þessar greiningar af sér 75 tillögur að aðgerðum til að stuðla að jafnrétti og koma í veg fyrir mismunun. Alls hafa 29 aðgerðanna verið innleiddar, 23 eru í vinnslu, 19 eru ekki hafnar og hætt hefur verið við 4 aðgerðir en það skýrist af því að ákveðið var að leggja niður borgarskjalasafn.

Aðgerðirnar lúta t.d. að því að bæta upplýsingagjöf, breytingar á verklagi, þjálfun, fræðslu, frekari greiningar, öflun gagna, samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við áætlanagerð, vinna gegn staðalmyndum og stakar aðgerðir til að mæta fjölbreyttum þörfum fólks í þjónustunni.



Mynd 5. Staða aðgerða í kjölfar KFS greininga á þjónustubáttum tímabilið 2021-2024, eftir sviðum.

Jafnréttisskimun og jafnréttismat

Jafnréttisskimun og jafnréttismat eru hluti af vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Við forgangsriðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð er mikilvægt að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu.

Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar, sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015, skal greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum (viðaukum) sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs.

Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem auðveldar stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsraða ráðstöfun fjármuna með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti. Jafnréttismat er dýpri greining á jafnréttisáhrifum. Fáir skimuð tillaga brautargengi, getur verið ástæða til þess að vinna jafnréttismat á verkefninu eða þjónustupættinum sem það varðar í heild sinni.

Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024-2028

Í febrúar 2023 var kallað eftir gögnum vegna undirbúnings komandi fjárhagsáætlunar, þar á meðal jafnréttisskimunum á skuldbindingum og áhættum í rekstri.

Alls skiluðu fag- og kjarnasvið borgarinnar inn skimunum á 98 verkefnum í floknum skuldbindingar og áhættur, en sjö þeirra enduðu í rammaúthlutun. Fjögur verkefnanna voru ekki talin hafa bein áhrif á stöðu jafnréttismála eða stöðu jaðarsettra hópa, eitt verkefni var talið líklegt til að viðhalda núverandi stöðu og tvö verkefni voru talin hafa jákvæð jafnréttisáhrif eða jákvæð áhrif á jaðarsetta hópa og fólust annars vegar í þjónustu við heimilisláust fólk og hinsvegar í eflingu Jafnréttisskóla borgarinnar. Þegar horft er til þess hversu vel tókst til að stuðla að jafnrétti við úthlutun fjármagns þá var 45% fjárhæðar skimaðra verkefna talin hafa jákvæð áhrif, í þessum tölum eru þó undanskilin ný verkefni í ramma sem voru undanþegin jafnréttisskimun.

Fjárfestingaráætlun 2024

Í febrúar 2023 var kallað eftir tillögum að fjárfestingaverkefnum fyrir árið 2024. Tillögum að fjárfestingarverkefnum skal fylgja rökstuðningur um þörf verkefnisins ásamt jafnréttisskimun fyrir hvert verkefni sem óskað er eftir að fari á fjárfestingaráætlun.

Fjölmörgum skimunum var skilað vegna tillagna að fjárfestingum. Þau svið sem skiluðu inn jafnréttisskimunum vegna fjárfestingatillagna voru menningar- og íþróttasvið, velferðarsvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið. Umhverfis- og skipulagssvið skilaði ekki inn jafnréttisskimunum vegna tillagna sinna að fjárfestingum, en unnið er því að slíkt verði gert héðan í frá, enda er stór hluti verkefna á fjárfestingaráætlun sem fellur undir verkefni

umhverfis- og skipulagssviðs. Skóla- og frístundasvið hafa ekki sent inn tillögur vegna nýrra verkefna í fjárfestingaráætlun en alla jafna eru mörg verkefni sem tengjast viðhaldi og endurbótum á húsnæði t.d. grunn- og leikskóla á fjárfestingaráætlun, en slík verkefni eru almennt talin hafa jákvæð jafnréttisáhrif þar sem þau bæta aðbúnað, hollustuhætti og aðgengi á vinnustöðum nemenda og starfsfólks. Slíkar aðgerðir eru einnig ákveðin forvarnaaðgerð hvað varðar umönnunaraðila, því ef skortur á viðhaldi leiðir þjónustufalls (t.d. vegna lokana, flutninga eða manneklu vegna veikinda sem rekja má til lélegarar innivistar) þá hefur það áhrif á umönnunaraðila.

Ný verkefni í fjárfestingaráætlun 2024 voru 23 talsins og nam fjárfestingin 1.102.000 þús kr. og af þeim verkefnum höfðu allflest verið jafnréttisskimuð, en skimanir bárust ekki fyrir fjögur verkefni og tvö verkefnanna voru undanþegin skimun. Flest verkefnanna snéru að endurbótum og viðhaldi á húsnæði, listaverkum eða tækjakosti á menningarstofnunum borgarinnar. Þegar horft er til þess hversu vel tókst til að stuðla að jafnrétti við úthlutun fjármagns þá var 8% fjárhæðar nýrra verkefna talin hafa jákvæð áhrif og 75% talin ekki hafa áhrif eða viðhalda núverandi stöðu, í þessum tölum eru þó aðeins ný verkefni sem tekin voru inn á áætlun 2024 en ekki fjárfestingaráætlun 2024 í heild sinni.

Þjóðarhöll kom ný inn á fjárfestingaáætlun, en um umfangsmikið verkefni er að ræða. Ekki hefur verið gert ítarlegt jafnréttismat á framkvæmdinni, en ákveðin skref hafa verið tekin í átt að kortlagningu kynja- og jafnréttissjónarmiða sem þarf að hafa í huga við hönnun mannvirkisins, í samvinnu við jafnréttisfulltrúa í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þjóðarhöllin á að vera höll okkar allra og því er mikilvægt að hönnun, aðbúnaður, þjónusta og starfsemi hallarinnar taki mið af fjölbreyttum þörfum fólks. Mikilvægt er að hönnunin sé inngildandi og taki mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum frá upphafi, því það getur reynst erfitt, óhentugt og kostnaðarsamt að breyta eftir á.

Samkvæmt verkferli fjárfestingaráætlunar (FMS-VLR-048) þá ætti að kalla eftir jafnréttismati á nýjum verkefnum þegar fyrstu drög að fjárfestingaáætlun liggja fyrir, en slíkt hefur ekki verið gert hingað til. Mikilvægt er að samþykktu verklagi sé fylgt, en einnig þyrfti að huga að því að jafnréttismöt geta verið umfangsmikil í framkvæmd, sér í lagi ef um nýbyggingar er að ræða, og því þyrfti líklega að forgangsraða hvaða nýju fjárfestingar verkefni fara í gegnum jafnréttismat hverju sinni, ásamt því að tryggja viðeigandi aðföng (e. resources) til að sinna slíkum greiningum.

Viðaukar við samþykka fjárhagsáætlun 2024

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar skal breytingum á fjárhagsáætlun (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.

Samþykkt hefur verið að eftirfarandi sé undanþegið jafnréttisskimun:

- Verkefni/Tillögur sem bera kostnað undir 4 m.kr.

- Kjarasamningsbundnar launahækkanir og endurmat starfa
- Flutningur á afgangi og halla
- Flutningur fjárheimilda milli þjónustupátta/sviða, ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu
- Breyting/endurmat á tekjum frá þriðja aðila t.d. jöfnunarsjóð, ríki
- Breyting/endurmat á skuldbindingum við þriðja aðila (þ.m.t. B-hlutafélög), ef undirliggjandi samningur gefur tilefni til að fjárhæðir geti breyst í samræmi við ákveðnar forsendur, t.d. launavísitölu, verðbólgu, gjaldskrárbreytingar ytri aðila, en skuldbinding/samningur er að öðru leyti óbreytt/-ur
- Magnbreytingar/magntölur í þegar samþykktum verkefnum/þjónustupáttum geta verið undanþegnar jafnréttisskimun, t.d. fjölgun barna í skólum/leikskólum. Magnbreytingar geta verið ólíkar og því eðlilegt að eftirlitsaðili geti óskað eftir jafnréttisskimun vegna þessara breytinga telji hann þörf á
- Breytingar á fjárfestingaáætlun ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu eða flutning milli þjónustupátta/sviða

Alls voru gerðir 60 viðaukar við samþykktu áætlun 2024. Breytingar á samþykktu fjárhagsáætlun A hluta Reykjavíkur 2024 vegna reksturs málaflokka má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Breytingar á samþykktu áætlun 2024 eftir fag- og kjarnasviðum.

Fag- og kjarnasvið	Breyting
Fjármála- og áhættustýringasvið	62.861
Menningar- og íþróttasvið	442.249
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	58.339
Skóla- og frístundasvið	4.094.864
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	177.566
Umhverfis- og skipulagssvið	230.532
Velferðarsvið	2.056.167
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	87.342
Samtals breytingar	7.209.920

Sumir viðaukar eru undanþegnar jafnréttisskimun (sbr. undanþágulista). Þegar undanþegnar viðaukar (n=49) dregnir frá þá ætti að skima 11 viðauka samtals að upphæð 338.099 þús. kr. Skimun vantaði fyrir einn viðauka en að öðru leiti gekk vel að framfylgja verklaginu.

Þegar viðaukar eru rýndir með tilliti til þess hversu vel gengur að stuðla að jafnrétti við úthlutun fjármagns má sjá að meirihluti fjárhæðarinnar er talin hafa jákvæð jafnréttisáhrif eða hafa jákvæð áhrif á jaðarsetta hópa, eða 65% af upphæð viðaukanna sem voru skimaðir. Meðal samþykktu tillagna var sálfræðiþjónusta fyrir fyrrum vöggustofubörn, nýtt búsetuúrræði fyrir fatlað fólk, sumarstörf fyrir ungmenni og samningur við Hjallastefnuna.

Önnur verkefni

Fræðsla

Fræðsla fyrir starfsfólk, stjórnendur, kjörna fulltrúa og önnur sem koma að framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er mikilvæg og skilar sér í betri færni og skilningi þegar þegar kemur að því að meta kynja- og jafnréttisáhrif og þróa markmið, stefnur og áætlanir á jafnréttisgrundvelli.

Kjörnir fulltrúar: Vorið 2024 var haldið tveggja klukkustunda námskeið um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun fyrir borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa. Markmiðið með fræðslunni var að efla þekkingu borgarfulltrúa á aðferðafræði KFS og efla færni í að beita verkfærum KFS við stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Í fræðslunni var farið yfir hvernig staðið er að greiningu kynja- og jafnréttisáhrifa á núverandi þjónustu og nýjum verkefnum í fjárhags- og fjárfestingaáætlun borgarinnar og hvernig er hægt að nýta verkfærin sem við höfum til að endurmóta stefnumið og skiptingu fjármagns í því skyni að mæta þörfum fólks, stuðla að jafnrétti og koma í veg fyrir mismunun.

Stjórnendur borgarinnar fá fræðslu um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í Forystunámi borgarinnar, og sátu um 160 starfsmanneskjur slíka fræðslu árið 2024. Einnig var tekin upp stutt kynning á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun fyrir rafrænt fræðsluefni fyrir nýja stjórnendur sem verður aðgengilegt á Torginu snemma árs 2025.

Starfsfólk: Verkefnastýra veitir fræðslu fyrir starfsfólk borgarinnar, ýmist á þar til gerðum námskeiðum eða eftir þöntun, og sóttu 60 starfsmanneskjur slíka fræðslu á árinu 2024.


Í upphafi árs 2024 var farið í átta vikna fræðsluáttak með **KFS starfshópum borgarinnar**. Gerður var samningur við Just Consulting um að veita fræðsluna sem var í formi rafræna fræðslumyndbanda og vikulegra umræðutíma. Áfram er unnið að því að fjölga rafrænu fræðsluefni sem starfsfólk getur leitað í þegar því hentar.

Í september var haldið tveggja og hálf klukkustunda staðnámskeið um greiningar þjónustubáttá. Námskeiðið var opið öllu starfsfólki borgarinnar, en sérstaklega miðað að KFS starfshópum og starfsfólki sem er falið að vinna greiningar þjónustubáttá og jafnréttisskimanir. Á námskeiðinu var farið yfir algeng hugtök í jafnréttisstarfi og þekkt kynja- og jafnréttismynstur sem snerta fjölbreytta þjónustu borgarinnar. Farið var yfir verklag við greiningu þjónustubáttá og þátttakendur unnu hagnýtt verkefni sem reyndi á þekkingu og færni í að koma auga á kynja- og jafnréttissjónarmið og tengja þau við verklag og þjónustu borgarinnar. Sambærilegt námskeið um jafnréttisskimanir verður haldið í byrjun árs 2025.

Rafrænar jafnréttisskimanir

Í upphafi árs var rafrænt form jafnréttisskimana tekið í notkun. Ávinningurinn af rafvæðingunni er að nú er til rauntíma yfirlit yfir jafnréttisskimanir í vinnslu, allar skimanir eru geymdar miðlægt og því minni hættu á að þær glatist, auðvelt verður að taka saman tölfraði yfir framkvæmd skimana auk þess sem í þessu felst ákveðin gæðastjórnun og stuðningur við starfsfólk, þar sem verkefnastýra KFS les yfir jafnréttisskimanir og kemur með ábendingar um innihald skimana eftir þörfum.

Til að kynna lausnina fyrir starfsfólki var haldinn upplýsinga- og kynningafundur með KFS starfshópum borgarinnar auk þess sem útbúnar voru leiðbeiningar fyrir rafrænar jafnréttisskimanir, bæði í formi myndbands og sem pdf.



Mynd 6. Ferli rafrænna jafnréttisskimana.

Kynin í borginni

Söfnun og greining upplýsinga um stöðu kynjanna og annarra hópa í samfélaginu er hornsteinn að markvissu jafnréttisstarfi og því mikilvægur þáttur í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, og alls jafnréttisstarfs. Á árinu var tekin saman allskonar kyngreind tölfraði um fólkið í borginni og birt í bæklingi á [vefsíðu borgarinnar](#) og sem [gagnasaga á gagnahlaðborði borgarinnar](#). Tilgangurinn er að gera kyngreinda tölfraði aðgengilega starfsfólki borgarinnar, stjórnendum og kjörnum fulltrúum og getur efnið m.a. stutt við stefnumótun, vinnslu greininga og jafnréttisskimana. Gert er ráð fyrir að efnið verði uppfært reglulega.

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands

19. júní 2024 var undirritaður samningur um áframhaldandi samstarf Reykjavíkurborgar og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands vegna nemendaverkefna í námskeiðinu Hagnýting jafnréttissfræða og lokaverkefna sem tengjast kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Samstarfið styður við framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar þar sem verkefni nemenda efla þekkingu á ólíkri stöðu og fjölbreyttum þörfum borgarbúa, geta stutt við og dýpkað greiningarvinnu fag- og kjarnasviða ásamt því að koma auga á úrbótatækifæri og þannig veita borginni stuðning og aðhald. Samningurinn er í samræmi við markmið mannréttindastefnu borgarinnar um samstarf við menntastofnanir til að efla þekkingaröflun með mannréttindi að leiðarljósi og markmið jafnréttislaganna um að efla rannsóknir í kynja- og jafnréttisfræðum. Samningurinn gildir út árið 2027. Á árinu voru unnin þrettán nemendaverkefni í Hagnýtingu jafnréttisfræða í samstarfi við borgina, þar sem fjölbreytt þjónusta borgarinnar, s.s. borgarlína,

þjónusta við heimilisláusar konur, þjónusta við hinsegin flóttafólk og viðverustefna borgarinnar, var greind út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

Samstarfsverkefni með Nicosia

Verkefnastýra, fyrir hönd borgarinnar, tók þátt í verkefni styrktu af uppbyggingasjóði EES um tvíhliða samstarf varðandi að kynna kynjasambættingu og kynjuð fjármál fyrir starfsfólki og sveitarstjórnarfólki í Nicosia og fara í tilraunaverkefni um innleiðingu kynjaðra fjármála þar í borg. Verkefnið hófst í júlí 2024 og mun klárast í febrúar 2025. Helsta framlag borgarinnar í verkefninu var að veita ráðgjöf, stuðning, miðla reynslu og þekkingu ásamt því að skipuleggja tveggja daga heimsókn til Reykjavíkur, sem fram fór dagana 26.-27. september 2024.

Handbók kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Í nóvember 2024 var gefin út [uppfærð handbók um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun](#). Handbókin byggir á handbók sem var gefin út árið 2014 en þar sem margt hefur breyst í verklaginu síðan þá þótti rétt að uppfæra handbókina og endurútgefa. Í handbókinni er farið yfir alla þá þætti sem tengjast framkvæmdinni ásamt því að farið er yfir ýmis hugtök sem tengjast jafnréttisstarfi og þekkt kynja- og jafnréttissjónarmið sem tengjast starfsemi borgarinnar. Henni er ætlað að vera leiðsagnarit fyrir öll þau sem með einum eða öðrum hætti koma að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá borginni.

Aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum

Ný [aðgerðaáætlun borgarinnar í jafnréttis- og mannréttindamálum](#) var samþykkt á fundi borgarráðs þann 20. júní 2023 og er gildistími áætlunarinnar út árið 2026. Áætlunin er í samræmi við 13. grein laga um stjórnýslu jafnréttismála sem kveður m.a. á um að áætlunin skuli taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, og eru settar fram sex aðgerðir til að stuðla að jafnrétti við ráðstöfun fjármagns.

Tafla 4. Aðgerðir úr aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023–2026.

1.3 Ráðstöfun fjármagns					
Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Stoðir	
Vinna að réttlátri úthlutun fjármagns.	1.3.1	Fræða kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsfólk um aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.	MAR, MOS	Viðvarandi	30. gr. jafnréttislaga, gr. 2.1.1. í mannréttindastefnu borgarinnar, 9. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum.
	1.3.2	Vinna að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar m.a. með fræðslu, endurgjöf, eftirliti og uppfærslu á ferlum og verklagi.	MAR, FAS	Viðvarandi	30. gr. jafnréttislaga, 13. grein laga um stjórnýslu jafnréttismála, gr. 2.1.1. í mannréttindastefnu borgarinnar, 9. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum.
Staða borgarbúa sé jöfn óháð kyni, hinseginleika, uppruna og öðrum þáttum eftir því sem við á.	1.3.3	Bæta aðgengi að kyngreindum gögnum með nýju viðmóti gagnabjónustu borgarinnar til að auðvelda greiningu og viðbrögð ef þarf.	PON, MAR	Viðvarandi	29. gr. jafnréttislaga, gr. 2.3.1. og gr. 13.3. í mannréttindastefnu borgarinnar, 9. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum.
Þjónusta borgarinnar taki mið af ólíkri stöðu og ólíkum þörfum fólks.	1.3.4	Greina þjónustubætti borgarinnar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og bregðast við niðurstöðum greininga.	MAR, FAS, svið borgarinnar	Viðvarandi	16., 17., 21. og 30. gr. jafnréttislaga, gr. 3.1. í mannréttindastefnu borgarinnar, 9. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum.
Jafnrétti og mannréttindi séu tryggð með því að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar við ákvarðanatöku.	1.3.5	Framfylgja verklagi um að jafnréttisskimanir og jafnréttismat fylgi málum þegar þau eru tekin fyrir í ráðum borgarinnar.	MAR, FAS	Viðvarandi	30. gr. jafnréttislaga, gr. 2.1.1. í mannréttindastefnu borgarinnar, 9. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum.
Styrkir borgarinnar stuðli að jafnrétti, mannréttindum og jöfnum tækifærum.	1.3.6	Þróa styrkjareglur og styrkjagátt á þann veg að styrkir stuðli að jafnrétti og mannréttindum í takt við mannréttindastefnu borgarinnar. Styrkveitingar séu greindar reglulega út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.	PON, MAR, FAS, svið og fagráð	Viðvarandi	Mannréttindastefna borgarinnar, 10. gr. reglna um styrkjaúthlutun.

Tillögur starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats – Staða aðgerða

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2021. Á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022 var skýrslan og tillögurnar sem þar eru settar fram samþykktar. Flestar tillögurnar, eða sextán, hafa verið innleiddar en tvær tillögur eru ennþá í vinnslu (sjá töflu 5).

Tafla 5. Yfirlit yfir tillögur starfshóps og stöðu á innleiðingu þeirra.

Nr.	Flokkur	Tillaga	Ábyrgð	Staða
1	Rafvæðing jafnréttisskimunar	Eyðublað jafnréttisskimunar verði rafvætt	Verkefnastýra KFS	Lokið
		Upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskimana sniðnar inn í Agresso	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FAS	Lokið
		Reit bætt í Excel skjal fjárfestingaráætlunar þar sem niðurstaða jafnréttisskimunar er flokkuð svk. ákveðnum valmöguleikum	Eignaskrifstofa FAS	Lokið
2	Leiðbeiningar og fræðsla	Uppfærðar leiðbeiningar með jafnréttisskimun og jafnréttismati	Verkefnastýra KFS	Lokið
		Útbúin verði verkfærakista á Fróða sem starfsfólk getur leitað í	Verkefnastýra KFS	Lokið
3	Sniðmát fyrir jafnréttisskimanir	Útbúið verði sniðmát fyrir jafnréttisskimanir	Verkefnastýra KFS	Lokið
4	Undanþágulistar	Ákveðin atriði séu undanþegin jafnréttisskimunum	Stýrihópur KFS	Lokið
5	Eftirlit og endurgjöf	Kveðið sé á um að jafnréttisskimanir eigi að fylgja málum þegar þau fara fyrir borgarráð. Skrifstofa borgarstjórnar sér til þess að verklaginu sé fylgt, með því að kalla eftir skimunum þegar þær fylgja ekki með málum.	Skrifstofa borgarstjórnar	Í vinnslu
		Eignaskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskimanir fylgi fjárfestingartillögum sviða, ásamt því að eignaskrifstofa skili árlega til verkefnastjóra KFS greinargerð um framkvæmd og niðurstöðu skimana á samþykktum fjárfestingartillögum og viðaukum við fjárfestingaáætlun.	Eignaskrifstofa FAS	Lokið
		Áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskimanir fylgi með rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviða og viðaukum við fjárhagsáætlun.	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FAS	Komið í verklag
		Verkefnastjóri KFS fer árlega yfir allar skimanir og jafnréttismót og rýnir þá í innihald skimana frá hverju sviði. Í kjölfarið er svo fundur með hverjum KFS starfshóp sviðanna þar sem veitt er endurgjöf um hvað er vel gert og hvað mætti gera betur.	Verkefnastýra KFS	Komið í verklag
6	Ábyrgð og verkaskipting	Starfshópurinn leggur til að skjalfesta ákveðna ábyrgð og verkaskiptingu	Stýrihópur KFS	Lokið
		Verkefnastýra KFS flytji ótímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.	Sviðsstjóri FAS	Lokið
		Til að styrkja framkvæmd KFS innan skrifstofa ráðhúss er lagt til að skrifstofur ráðhúss sameinist um að stofna starfshóp líkt og er á hverju fag- og kjarnasviði.	Stýrihópur KFS	Lokið
7	Miðlægt svæði KFS	KFS fái sér svæði inná Fróða þar sem allar leiðbeiningar, eyðublað, sniðmát, fræðsla, ferlar, ársskýrsla, handbók, upplýsingar um stýrihóp og starfshópa, verkefnastýru og aðgangur að rafvæddum jafnréttisskimunum er á einum stað aðgengilegt fyrir starfsfólk	Verkefnastýra KFS	Lokið
8	Ferlar	FÁST og verkefnastýra KFS hafi umsjón með og uppfæri reglulega alla ferla í samræmi við breytt KFS verklag	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FAS og verkefnastýra KFS	Í vinnslu
		Ferill jafnréttisskimunar og jafnréttismat verði teiknaður upp með skýrum hætti	Verkefnastýra KFS	Lokið
		Tækifæri eru til að skrifa verkferli og markmið KFS betur inn í reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar og fjármálastefnu	Stýrihópur KFS	n/a

Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

- **Greiningar þjónustupátta:** Frá árinu 2012 hefur verið unnið að því að greina alla þjónustu borgarinnar með aðferðafræði KFS. Upphaflega var gert ráð fyrir að þeirri vinnu myndi ljúka fyrir árið 2018, en það er ekki raunin. Greining þjónustupátta hefur gengið hægar en vonast var til, og var t.d. lítið um greiningar þjónustupátta árin 2019, 2020 og 2023. Talsvert hefur verið um að smærri verkefni innan ákveðinna þjónustupátta hafi verið tekin til greiningar. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við jafnréttisgreiningu stærri þjónustupátta með markvissum hætti og að niðurstöðum greininga sé fylgt eftir. Sett hefur verið upp miðlægt skjal, mælaborð, þar sem gert er ráð fyrir að fag- og kjarnasvið setji þær aðgerðir sem ráðist er í eftir greiningar þjónustupátta og uppfæri stöðu þeirra aðgerða reglulega.
- **Kyngreind gögn:** Aðgengi að kyngreindum gögnum heldur áfram að vera áskorun, t.d. hvað varðar notendur stafrænnar þjónustu borgarinnar. Mikilvægt er að taka gagnamál Reykjavíkurborgar föstum tókum og stuðla að bættu aðgengi að kyngreinanlegum gögnum. Í þessu skyni má vísa til 29. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) en þar er fjallað um greiningu á tölfræðiupplýsingum og kveðið á um að *opinberir aðilar leitist við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því*. Nú er unnið að stafrænni þróun þjónustu borgarinnar, sjálfvirknivæðingu kjarnakerfa borgarinnar, gagnagátt og gagnahlaðborði, en þar eru mikil tækifæri til að stuðla að bættu aðgengi að kyngreindum gögnum.
- **Framkvæmd jafnréttisskimana:** Frá árinu 2018 hefur markvisst verið unnið að því að innleiða jafnréttisskimun sem verkfæri til að tryggja að farið sé yfir jafnréttisáhrif og –sjónarmið við gerð allra tillagna sem hafa fjárhagsleg áhrif. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs. Mikilvægt er að jafnréttisskimanir fylgi málum þar sem ákvarðanatöku fer fram t.d. í fagráðum, borgarráði og borgarstjórn.
- **Framkvæmd jafnréttismats:** Ef tillaga er talin hafa jafnréttisáhrif samkvæmt niðurstöðum jafnréttisskimunar er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat fái hún áframhaldandi pólitískt brautargengi. Síðan jafnréttisskimun var tekin upp hefur sjaldan verið talin þörf á að framkvæma dýpra jafnréttismat í kjölfarið, sem sést á því að árin 2023 og 2024 virðast ekki hafa verið framkvæmd nein jafnréttismöt í kjölfar skimana. Nú er unnið að innleiðingu tillagna starfshóps um endurskoðun á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats þar sem skerpt er á þessu verklagi, en einnig þarf að tryggja að næg aðföng (e. resources) séu til að sinna þessu verkefni t.d. starfsfólk, sérfræðiþekking, leiðbeiningar og leiðsögn, gögn, fjármagn og tími.
- **Ákvarðanatöku:** Óljóst er hvort niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismats hafi áhrif á ákvarðanatöku. Finna þarf leiðir til að stuðla að því að niðurstöður jafnréttisskima og jafnréttismats séu hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Unnið er að innleiðingu á breyttu skipulagi þessu tengt og skerpt hefur verið á ábyrgð hinna ýmsu aðila er koma að KFS, þar með talið fagráð borgarinnar, borgarráð og borgarstjórn. Auk þess var bæklingur sendur á kjörna fulltrúa haustið 2022, eftir að ný borgarstjórn tók við eftir sveitarstjórnarkosningarnar og námskeið fyrir borgarfulltrúa haldið árið 2024.

- **Fræðsla og stuðningur:** Mikilvægur þáttur í innleiðingu KFS er þekking og viðhorf starfsfólks, stjórnenda og kjörinna fulltrúa. Settur hefur verið upp upplýsingabrunnur fyrir starfsfólk sem er uppfærður reglulega ásamt því að verið er að útbúa rafrænt fræðsluefni sem verður aðgengileg starfsfólki á fræðslutorgi borgarinnar. Í upphafi árs 2024 var átta vikna námskeið um jafnrétti og fjölbreytileika fyrir starfsfólk í KFS starfshópum borgarinnar. Jafnframt er ætíð hægt að óska eftir ráðgjöf eða fræðslu hjá verkefnastýru KFS.
- **Kynja- og jafnréttissjónarmið:** Líkt og starfshópur um endurskoðun á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismati (2021) benti á þá er mikilvægt að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar strax frá upphafsstigun verkefna. Jafnréttisskimun er gjarnan gerð fremur seint í ferlinu, jafnvel í blálokin, og erfitt getur reynst að breyta verkefnum þegar þau eru langt komin. Því er mikilvægt að borgin móti sér verklag t.d. þegar kemur að stefnumótun, þar sem þessi sjónarmið eru höfð til hliðsjónar strax frá upphafi og út allt ferlið (líkt og jafnréttislög kveða á um). Það er líka mikilvægt út frá gæðum stefnumótunar, þar sem við erum líklegri til að ná markmiðum okkar þegar við tökum mið af raunverulegri stöðu fólks og fjölbreyttum viðhorfum og þörfum.
- **Hagræðing:** Mikilvægt er að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við allar fjárhagslegar ákvarðanir, þar með talið ákvarðanir um hagræðingu. Mikilvægt er að koma á skilvirku skipulagi varðandi að fram fari eftirlit með því að skimanir fylgi hagræðingartillögum, en í ljós kom árið 2023 að aðeins lítill hluti samþykkrtra hagræðingaraðgerða hafði verið jafnréttisskimaður.

Viðauki I. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að þjónusta sviðsins sé í samræmi við jafnlaunastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykka fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á allar þær tillögur sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2023. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustupátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa starfsfólks. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru markvissar launagreiningar, jafnlaunavottun og sérstaklega hafa verið greindar leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs. Á árinu 2024 verður áfram unnið að því að greina framboð og þátttöku í fræðslu með aðferðafræði KFS samhliða innleiðingu á fræðslukerfinu Torgið.

Menningar- og íþróttasvið

MÍR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess ávallt gætt að hægt sé að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt. Þar af leiðandi er hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu. Stjórnendur MÍR hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð árið 2024. Á sviðinu hefur verið framkvæmt jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

Skóla- og frístundasvið

Vegna allra nýrra liða þar sem sótt var eftir auknu fjármagni var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustupáttum sviðsins.

Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustupáttanna sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Stefnt er á að hafa lokið innan ársins 2023 greiningu á tveimur þjónustupáttum, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins og sinnti eftirfylgni með tillögðum aðgerðum úr eldri greiningum. Neðangreind tafla sýnir þá þjónustupætti sem stefnt er að því að greina árið 2024.

Þjónustupættir til KFS greiningar 2023	Ábyrgðaraðili	Greiningar - tímabil (frá - til)
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Sviðsstjóri	Janúar – Maí
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	September – Nóvember

Velferðarsvið

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði fjögurra manna starfshóp til að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu, samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Í kjölfarið skipaði starfshópurinn tvo vinnuhópa, annan til greiningar á þjónustu við flóttafólk og hinn til greiningar á biðlista eftir félagslegu húsnæði og úthlutunum í félagslegt húsnæði. Tilgangurinn er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustunnar og / eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Áætlað er að vinnuhóparnir ljúki greiningum á árinu 2024. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustupáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur til velferðarráðs jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustupáttanna.

Fjármála- og áhættustýringasvið

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun á fjármunum borgarinnar mismunandi áhrif á tækifæri þeirra til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum sem best. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg er stýrt í samvinnu milli fjármála- og áhættustýringasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Helstu verkfæri í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru annars vegar greining þjónustupáttanna og hins vegar jafnréttisskimun og jafnréttismat á

breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð ber ábyrgð á því að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir greiningu þjónustubátta og vinnslu jafnréttisskimana og – mata á sínu sviði.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi má nefna samstarf við Háskóla Íslands varðandi greiningar á verkefnum sem tengjast innleiðingu borgarinnar á KFS. Undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi samstarf á þessu sviði.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Markmið PON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Á árinu 2024 verður unnið út frá samþykktri áætlun um greiningu á þjónustubáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni er vefur Reykjavíkurborgar.

Viðauki II. Áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS 2024

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Inngangur

Mannauðs- og starfsumhverfissvið vinnur að jafnréttismálum í mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, einkum samkvæmt mannauðsstefnu, mannréttindastefnu og jafnlaunastefnu borgarinnar, þeim áherslum sem fram koma þar og aðgerðaáætlunum sem samþykktar hafa verið.

Við ráðstöfun fjármuna á sviðinu er mikilvægt að hafa í huga þau meginsjónarmið sem fram koma í ofangreindum stefnum. Gæta ber jafnræðis við úthlutun fjármuna og að því að mismunun eigi sér ekki stað, hvort sem er með tilliti til kyns eða annarra þátta nema slíkt teljist rétt og málefnalegt til að leiðrétta stöðu afmarkaðra hópa starfsfólks sem stendur höllum fæti. Tafla 1 geymir yfirlit yfir þær greiningar sem hafa verið gerðar á sviðinu með aðferðafræði KFS.

Tafla 1. Yfirlit yfir greiningar sem hafa verið framkvæmdar með aðferðafræði KFS.

Þjónustubáttur	Þjónusta sem var greind	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Laun starfsfólks	Launmunur greindur eftir kyni og á grundvelli ríkisfangs fyrir árið 2022	2023	90.973 ma. kr.
Laun starfsfólks	Mat á hvort og þá hvaða áhrif önnur laun hafa haft á launamun kynjanna	2023	6.761 ma. kr.

Á árinu er stefnt að því að vinna að greiningu á fræðsluframboði og þátttöku í fræðslu eftir að Torgið fræðslukerfi hefur verið innleitt á öllum sviðum borgarinnar. Innleiðing Torgsins er hafin en mun ekki ljúka fyrr en undir lok árs og verður áhersla greiningar því á fræðsluframboði samhliða innleiðingu og síðan áfram unnið að greiningu á þátttöku í fræðslu eftir að Torgið hefur verið innleitt og virk notkun komin á öllum sviðum.

Einnig verður framkvæmd styttingar vinnuvikunnar metin á árinu og skoðað sérstaklega hvort styttri vinnuvika auki jafnvægi vinnu og einkalífs og hvort starfsfólk nái að nýta sér styttingu vinnuvikunnar óháð kyni. Hafið er mat á framkvæmd styttingar vinnuvikunnar en heildarmati á verkefninu mun ekki ljúka fyrr en á næsta ári.

Stefnt er að því að rýna texta í atvinnuauðglýsingum á árinu og að þeir verði endurskoðaðir ásamt uppsetningu atvinnuauðglýsinga til að auka aðgengi og höfða til fjölbreytts hóps umsækjenda um störf hjá Reykjavíkurborg en sú vinna er ekki hafin.

Hjá MOS hafa undanfarin ár verið gerðar ýmsar greiningar á stöðu starfsfólks m.t.t. kyns, einkum launakjörum og aðgerðir unnar á grundvelli þeirra niðurstaðna. MOS skilar nú inn áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2024 í fyrsta skipti en hefur unnið á grundvelli sjónarmiða KFS frá stofnun sviðsins. Á árinu 2024 er markmið sviðsins er að greina með markvissari hætti en áður verkefni og þjónustubætti sviðsins á grundvelli KFS.

Áætlun 2024

Í töflu 2 má sjá hvaða greiningar mannauðs- og starfsumhverfissvið áætla að vinna á árinu 2024.

Tafla 2. Áætlun um greiningar á árinu 2024.

Þjónustubáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil	Áætluð skil
Fræðsla til starfsfólks	Skrifstofustjóri starfsumhverfis og starfsþróunar	2024	mars 2025
Starfsmatskerfi – greining á beitingu starfsmatsþátta m.t.t. kyns	Sviðsstjóri MOS	2024	Mars 2025
Starfslýsingar – greining á inntaki og framsetningu m.t.t. kyns	Skrifstofustjóri ráðningar- og mönnunar	2024	Mars 2025
Launajafnrétti - Leggja mat á aðferðir, í samvinnu við Jafnlaunastofu, til að greina hvort fyrir hendi sé mismunur í launum með tilliti til annarra þátta en kyns eða ríkisfangs hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar	Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra	2014	Janúar 2025

Eftirfylgni með aðgerðum

Í töflu 3 má sjá aðgerðir sem lagðar hafa verið til við jafnlaunaúttekt og falla undir KFS greiningar.

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar greininga á sviðinu.

Þjónustubáttur	Ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Upplýsingagjöf um jafnlaunamál	2023	Lagt verði mat á þörf fyrir bættar upplýsingar til starfsfólks borgarinnar um jafnlaunamál, hvert það geti leitað telji það á sér brotið og hugsanlegar aðgerðir, s.s. þýðingar á textum, kostnaðarmetnar.	Í vinnslu
Þýðingar á jafnlaunastefnu	2023	Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar verði þýdd yfir á ensku og pólsku og birt þannig á bæði innri og ytri vef borgarinnar.	Í vinnslu
Launajafnrétti – starfslýsingar	2023	Allar starfslýsingar hjá Reykjavíkurborg verði vistaðar miðlægt í skjalakerfi borgarinnar, Hlöðunni.	Í vinnslu

Skóla- og frístundasvið

Verkefni	Framkvæmd	Tímasetning	Eftirlit/eftirfylgd
Fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun SFS			Fjármálaskrifstofa SFS
Greining á þjónustu skólahljómsveita í Reykjavík	Verkefnahópur: Aino Freyja Jarvela Haukur Haraldsson Ingi Garðar Erlendsson	Skil áætluð 01. September 2024	Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni

Fulltrúar KFS hóps skóla- og frístundasviðs árið 2023 eru: Guðmundur Guðbjörnsson, Maríanna Guðbergsdóttir og Ragna Sigrún Kristjónsdóttir.

Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustupátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2022 þá skilaði verkefnahópurinn KFS greiningu á þjónustupætti Bílastæðasjóðs. Stefnt er á að hafa lokið innan ársins 2023 greiningu á tveimur þjónustupáttum, Skrifstofu skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlitinu. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins í tengslum við framlagningu fjárhagsáætlunar.

Stefnt er á að hafa lokið greiningu á öllum þjónustupáttum sviðsins í lok árs 2024 og mun hópurinn í framhaldi af því fara ítarlega yfir allar niðurstöður sem fram hafa komið og greina hvaða þjónustupættir eru í forgangi í endurskoðun. Mikilvægt er að skoða hvaða breytingar hafa orðið á þjónustupáttum frá því að vinna hófst árið 2013 og endurmeta hvort þjónustupættir sem ekki var talið að þyrftu greiningar séu ennþá undanskildir ítarlegri greiningu. Einnig munum við taka hvern greindan þjónustupátt fyrir sig og skoða hvort tillagðar aðgerðir hafi skilað árangri.

Tafla 1. Yfirlit yfirgreiningar sem hafa verið framkvæmdar með aðferðafræði KFS.

Þjónustupáttur	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Skipulagsmál	2013	
Hjólreiðaáætlun	2016	350 mkr/ár
Byggingarfulltrúi	2016	220 mkr
LUKR og landupplýsingar	2016	145 mkr
Grasagarður	2016	86 mkr
Vinnuskólinn	2017	241 mkr
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	2017	1.644 mkr
Samgöngumál	2018	141 mkr
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	2019	1.275 mkr
Náttúra&garðar, og umhverfi&útivist	2021	179 mkr
Stefnumótun og greining	2021	135 mkr
Bílastæðasjóður	2022	834 mkr
Skrifstofa skipulagsfulltrúa	2023	Febrúar – maí 2023
Heilbrigðiseftirlit	2023	September – nóvember 2023

Áætlun 2024

Tafla 2. Áætlun um greiningar á árinu 2024.

Þjónustupáttur	Greiningartímabil	Áætluð skil
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Janúar-maí	15. maí 2024
Rekstur hverfastöðva austur og vestur	September-nóvember	30. nóvember 2024

Eftirfylgni með aðgerðum

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar greininga á sviðinu.

Þjónustupáttur	Ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	2019	Kannað verði með umfang verkefnis af því að gera úrbætur varðandi aðgengi að matjurtargörðum Reykjavíkur. Skoðað hvernig við getum sutt betur við verkefnum um atvinnumál fatlaðra. Rýna betur vinnutíma starfsfólks með aðferðafræði KFS.	Eftirfylgni í apríl 2022
Stefnumótun og greining	2021	Bætt verði inn mælikvörðum í aðalskipulag sem fangi betur upplýsingar um framfylgd aðalskipulags út frá jafnréttissjónarmiðum. Jafnréttisgreining fylgi loftlagsbókhalda. Deild gæða og öryggis haldi utan um upplýsingar um kyn og uppruna í slysaskráningum.	Eftirfylgni í ágúst 2022
Náttúra og garðar	2021	Að leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar verði endurskoðuð og uppfær. Kortlagning notenda á grænum svæðum og aukið samráð við notendur um ákvarðanatöku og uppbyggingu.	Eftirfylgni í nóvember 2022
Bílastæðasjóður	2022	Lagt er til að gerð verði þjónustukönnun sem kanni öryggistilfinningu notenda bílahúsa. Komið verði á skráningum á ábendingum sem berast í gegnum ábendingarvef og stjórnendur geri samanburð á öryggistilfinningu starfsfólks í kjölfar aukinnar rafrænnar vöktunar.	Eftirfylgni í nóvember 2023

Velferðarsvið

Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur sem lagðar eru fyrir velferðarráð jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst árið 2011 hefur sviðið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustupátta.

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á velferðarsviði hyggst breyta áherslum í greiningum sviðsins á næstu árum. Áherslur næstu ár verða á minni og sérhæfðari verkefni en ekki þjónustupætti í heild sinni.

Hópurinn vill einnig leggja áherslu á eftirfylgni þeirra greininga sem þegar hafa verið gerðar og tryggja að aðgerðaráætlunum sé fylgt til enda.

Tafla 1. Yfirlit yfir þjónustupætti sem búið er að greina með aðferðafræði KFS.

Þjónustupáttur	Hluti þjónustunnar sem var greindur	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Tilraunaverkefni	Þjónusta við utangarðsfólk	2012	203 mkr.
Tilraunaverkefni	Félagsstarf aldraðra	2012	176 mkr.
Fjárhagsaðstoð	Framfærslustyrkur	2014	2.105 mkr.
Fjárhagsaðstoð	Heimildagreiðslur	2015	527 mkr.
Stuðningsþjónusta	Liðveisla, frekari liðveisla, persónuleg ráðgjöf, tilsjón og stuðningsfjölskyldur	2016	700 mkr.
Búsetuúrræði	Búsetuúrræði	2017	4.604 mkr.
Dagþjónusta	Dagþjónusta fatlaðs fólks og dagþjónusta aldraðra	2017	983 mkr.
Heimaþjónusta	Heimaþjónusta	2018	1.850 mkr.
Heimahjúkrun	Heimahjúkrun	2018	1.106 mkr.
Hjúkrunarheimili	Droplaugastaðir og Seljahlíð	2018	270 mkr.
Þjónustuíbúðir	Þjónustuíbúðirnar á Dalbraut 21-27, Furugerði 1, Lönguhlíð 3 og Norðurbrún 1	2018	324 mkr.
Fjárhagsaðstoð	Framfærslustyrkur	2021	3.952 mkr.
Framleiðslueldhús	Framleiðslueldhús	2021	242,1 mkr.
Akstursþjónusta	Akstursþjónusta fatlaðs fólks	2021	1.059 mkr.
Búsetuþjónusta	Húsnæði fyrir fatlað fólk	2022	7.837 mkr.

Greining á húsnæði fyrir fatlað fólk fór fram á árinu 2022 en er ekki tilbúin. Hún er þó komin mjög langt á veg og áætluð skil eru vor 2023.

Tafla 2. Áætlun um KFS greiningar 2024.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2023	Ábyrgðaraðili	Greiningar- tímabil (frá - til)	Dags. skila
Þjónusta við flóttafólk	Sviðsstjóri VEL	Apríl – Október 2023	Vetur 2023
Biðlistar eftir félagslegu húsnæði	Sviðsstjóri VEL	Apríl – Október 2023	Vetur 2023
Úthlutanir í félagslegt húsnæði	Sviðsstjóri VEL	Apríl – Október 2023	Vetur 2023

Eftirfylgni með aðgerðum

Í eftirfarandi töflu má sjá þær aðgerðir sem lagðar hafa verið til í kjölfar greininga velferðarsviðs með aðferðafræði KFS.

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar KFS greininga á velferðarsviði.

Þjónustupáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk 2012	Setja fram kröfu um kyngreind gögn vegna samninga við þriðja aðila.	Innleitt í samninga
Athugasemdir:		
Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra 2012	Átaksverkefni PHL að kynna ekkum starfseminu í félagsmiðstöðvum.	Framkvæmt árið 2012
	Kynning á niðurstöðum fyrir forstöðumenn í hverfinu.	Framkvæmt árið 2012
	Skilgreina vel sjálfbært félagsstarf, tilhögun þess og verklag	Framkvæmt árið 2012
Athugasemdir:		
Fjárhagsaðstoð Framfærslustyrkur 2013	Aukning á ráðgjöf og þjónusta fyrir karla 30-66 og kvenna 18-29 ára	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Nánari greining á beitingu 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð.	Er í reglulegri skoðun
Athugasemdir: Mikil fækkun hefur orðið í hóp notenda framfærslustyrks frá árinu 2013. Samsetning hópsins er í reglulegri skoðun m.a. m.t.t. aldurs og kyns.		
Fjárhagsaðstoð Heimildargreiðslur 2015	Nánari greining á heimildargreiðslum Barnaverndar vegna tómsunda barna 4. gr. reglna barnaverndar	Á ekki lengur við
	Nánari greining á heimildargreiðslum fjárhagsaðstoðar vegna sérfræðiaðstoðar. 20. gr reglna fjárhagsaðstoðar	Á ekki lengur við
	Nánari greining á styrk vegna sérstakra erfiðleikar. 24 gr. reglna fjárhagsaðstoðar.	Á ekki lengur við
Athugasemdir:		
Búsetuúrræði 2017	Nánari greining á aldurshópnum 6-17 ára þar sem hlutfall þeirra sem eru í þjónustu er í ósamræmi grunn hópinn	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Nánari greining á hlutfall geðfatlaðra í sértækri búsetu	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Fjölga karlkyns starfsmönnum í sértækri búsetu fyrir fatlað fólk.	Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs
Athugasemdir:		
Dagþjónusta 2017	Fjölga karlkyns notendum í dagþjónustu aldraðra	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Fjölga karlkyns starfsmönnum í dagþjónustu fyrir fatlað fólk	Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs
	Fjölga karlkyns starfsmönnum í dagdeildum aldrara	Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs
Athugasemdir:		

Þjónustupáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Heimþjónusta 2018	Starfshópurinn gerir tillögu um að gerð verði könnun meðal eldra fólks um það hvaða verkefni það þurfi aðstoð við til að geta haldið heimili og þá hvað þeim finnst eiga að vera verkefni sveitarfélagsins og hvað þeim finnst eðlilegt að kaupa á almennum markaði.	Lokið
Athugasemdir:		
Heimahjúkrun 2018	Engar aðgerðir lagðar til.	
Athugasemdir:		
Hjúkrunarheimili 2018	Engar aðgerðir lagðar til.	
Athugasemdir:		
Þjónustuíbúðir 2018	Engar aðgerðir lagðar til.	
Athugasemdir:		
Fjárhagsaðstoð 2021	Veita fræðslu og vinna með Vinnumálastofnun að virkri atvinnuþátttöku. Markviss ráðgjöf og stuðningum um leið og ungir notendur sækja um fjárhagsaðstoð.	Lokið
Athugasemdir: Virknimiðlun og Virknihús var stofnað hjá velferðarsviði og starfsemi þeirra miðar sérstaklega að því sem aðgerðirnar fela í sér.		
Akstursþjónusta 2021	Skýrari reglur annars vegar varðandi aldraða og hins vegar varðandi fatlaða. Endurskoða núverandi reglur um þjónustu vegna tímabundinnar fötlunar. Birta ítarlegar upplýsingar um þjónustuna á fleiri tungumálum en íslensku.	Hefur ekki farið í framkvæmd.
Athugasemdir:		
Framleiðslueldhús 2021	Jafna kynjahlutföll í störfum framleiðslueldhús.	Í vinnslu
Athugasemdir: Athugasemdir: Aðgerðin er í eðli sínu þannig að hana þarf að framkvæma yfir lengri tíma. Starfshópurinn var áminntur í ársbyrjun 2023 að fylgja þurfi eftir öllum aðgerðum.		

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Inngangur

Markmið Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða.

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefur skilgreint eftirfarandi jafnréttismarkmið fyrir sviðið:

- Tryggja áframhaldandi fræðslu um jafnréttis- og fjölbreytileika fyrir allt starfsfólk sviðsins.
- Að vera vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði er virt í hvívetna og unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, koma í veg fyrir hvers kyns mismunun og tryggja að framlag hvers og eins sé metið að verðleikum án tillits til kyns, aldurs og annarra ómálefnalegra þátta sbr. lög nr. 86/2018 og lög nr. 150/2020.

Tafla 2. Yfirlit yfir greiningar sem verið er að vinna á sviðinu með aðferðafræði KFS.

Þjónustupáttur	Þjónusta sem var greind	Ár greiningar	Kostnaður greindrar þjónustu
Borgarskjalasafn	Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga	2021	600 þ.kr
Þjónustuhönnun	Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.	2022	100 mkr

Verkefnið „Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga“ miðaði að því að greina skil á einkaskjalasöfnum til Borgarskjalasafns með aðferðafræði KFS. Markmiðið með þeirri vinnu var að kanna safnkostinn og hvort hann endurspeglaði raunverulega samsetningu samfélagsins eða þá hvort að safnkosturinn segði fremur sögu fólks í ákveðinni forréttindastöðu í samfélaginu. Niðurstöður greiningarinnar sýndu að 62% safnkostins tilheyrði körlum, 33% konum og 5% hjónum, systkyngum eða fjölskyldu. Þó að kynsegin einstaklingar hafa verið hluti af flóru lífsins í árpúsundir gætir ekki skjalasafna þeirra innan safnkosts Borgarskjalasafns. Þær aðgerðir sem ákveðið var að grípa til í kjölfar greiningarinnar var að útbúa stefnu fyrir söfnun einkaskjalasafna og að auglýsa sérstaklega eftir skjalasöfnum frá fjölbreyttari hópum ásamt því að greina safnkostinn árlega til að fylgja þessu eftir.

Verkefnið „Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.“ miðaði að því að greina dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem greindur var snýr að þjónustuveitingu í þjónustuveri þ.e. framlínu, móttöku símtala, netsamtölum og öðrum samskiptaleiðum borgarinnar við íbúa og fyrirtæki. Niðurstöður greiningarinnar voru að nokkuð jöfn skipting er á milli þeirra sem hafa samband við borgina en í ljós kom að konur hafa almennt meira samband vegna

málaflokka eða erinda hjá SFS, VEL og PON en fleiri karlmenn hafa samband vegna málaflokka USK og SBB. Dreifingin er mun jafnari hjá FAS og ÍTR. Þær aðgerðir sem ákveðið var að grípa til í kjölfar greiningarinnar var að auglýsa um þjónustu SFS og VEL á þann hátt sem höfðar til karlmannna og auglýsa um þjónustu USK á þann hátt sem höfðar til kvenna. Einnig á að leggja áherslu í ráðningarferli að fá fjölbreyttari hóp einstaklinga í teymi þjónustuversins, koma á reglulegum greiningum til þjónustuþega þar sem skoðað er sérstaklega hlutfall kynja niður á einstaka þjónustu og svið ásamt því að tryggja að allar upplýsinagr um þjónustu þjónustuvers séu aðgengilegar á íslensku, ensku og pólsku með þýðingarmöguleika á fleiri tungumál.

Áætlun 2023 - 2028

Tafla 3. Áætlun um greiningar á árinu 2023 – 2027.

Þjónustuþáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningar-tímabil	Áætluð skil
Upplýsingatækni-þjónusta	Úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks	2023	2023
Stafræn Reykjavík	Nýr vefur Reykjavík.is	2024	2025
Skjalastýring	Hlaðan: málaflokkar, eðli erinda, málshraði og svo framvegis.	2025	2026
Verkefnaráð PON	Val verkefna	2026	2026
Gagnaþjónustan	Mælaborð borgarbúa 2.0	2027	2028
Þjónusta og umbreyting	Framlína		

